

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 8. desember 2023

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins og Samtaka menntatæknifyrirtækja vegna grænbókar í málefnum innflyttjenda, mál nr. 232/2023.

Samtök iðnaðarins og Samtök menntatæknifyrirtækja (hér eftir „SI“, „IEI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar grænbók í málefnum innflyttjenda, mál nr. 232/2023, þar sem meðal annars er fijallað um að efla kennslu í íslensku sem annað mál, tryggja aðgengi að fjölbreyttu námi fyrir ólíkan aldur og jafnt aðgengi um allt land. Samtökin vilja benda á mikilvægi innleiðingu á menntatækni inn í íslenskt skólakerfi og í öllu inngildingarferli nýrra samfélagsbegna, nýjum nemendum, kennurum, atvinnulífi og þannig samfélagini öllu til heilla.

Menntatækniiðnaður á alþjóðavísu er rótgróinn iðnaður sem á sér áratuga sögu. Velta í menntatækniiðnaði á heimsvísu nam 24.000 milljörðum kr. árið 2022 og er árlegur vöxtur iðnaðarins um 16%. Því er spáð að stærð markaðarins verði um 55.000 milljarðar kr. árið 2025. Ósótt tækifæri eru því í þessum iðnaði fyrir íslenskt samfélag en menntatækniiðnaður hér lendis hefur sögulega verið mjög lítill. Þá eru mikil tækifæri fyrir íslensk nýsköpunarfyrirtæki í menntatækni, sprotarfyrirtæki jafnt og vaxtarfyrirtæki, þar sem fjárfestingar í menntatækni hafa aukist mjög í Evrópu á liðnum árum.

Á Íslandi starfa í dag um fimmtán fjölbreytt menntatæknifyrirtæki sem sérhæfa sig í námsgagnagerð annars vegar og innleiðingu á betri og skilvirkari starfsháttum hins vegar. Þetta eru fyrtækia eins og Mentor, Evolytes, Bara tala, Astrid, Mussila, Atlas Primer, Beanfee, Beedle og Tiro.¹

Í mars 2021 samþykkti Alþingi menntastefnu til ársins 2030.² Í aðgerðaráætlun sem tengist stefnunni kemur fram að skólakerfið þurfi að mæta betur náms- og félagsþörfum nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Í ljósi þess að takmarkað er til af kennsluefni og námskrá í íslensku sem annað tungumál er tækifæri til að nýta menntatækni.

¹ <https://vb.is/frettir/islenskir-menntasprotar-vekja-athygli/>

² [Menntastefna 2030 fyrsta adgerdaráætlun.pdf \(stjornarradid.is\)](https://stjornarradid.is/2030-fyrsta-adgerdar-aetlun.pdf)



Með því að nýta menntatæknina getum við eftt kennslu í íslensku allra fjölskyldumeðlima sem annað mál, tryggt aðgengi að fjölbreyttu námi fyrir ólíkan aldur og jafnt aðgengi um allt land.³

Samtökin vonast til þess að fá tækifæri til þess að gera nánari grein fyrir umsögn sinni.

Virðingarfyllst,

Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
verkefnastjóri í mennta- og mannaúðsmálum
hjá SI

Íris E. Gísladóttir,
formaður Samtaká menntatæknifyrtækja

³ [Bara tala - Íslenskukennslu app \(akademias.is\)](#)